

**Ed.**

**287. Frumvarp til laga**

[156. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og Þjóðleikhús, og lögum um breytingar á þeim.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

**1. gr.**

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 og lögum nr. 57 5. júní 1957 og lögum nr. 24 26. apríl 1963, um breytingu á þeim lögum, skal heimilt að innheimta með 200% álagi af kvikmyndasýningum og með 20% álagi af öðrum skemmtunum. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, sem skattskyldar kunna að vera, undanþegnar álaginu.

**2. gr.**

Setningin „árin 1957—1963, að báðum árum meðtöldum“ í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 57 frá 1957, samanber 1. gr. laga nr. 52 frá 1962, falli niður.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Lög sama efnis hafa gilt um árabíl, og mæla sömu rök og fyrr með því, að þau verði látin gilda áfram, því að þörf þeirra, er fjárins eiga að njóta, þ. e. félagsheimila, Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar, er eigi minni en áður.